

Sp.

31. Fyrirspurnir.

[31. mál]

- I. Til viðskiptaráðherra um framkvæmd ályktunar Alþingis frá 22. maí 1979 um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins.

Frá Eyjólfí Konráð Jónssyni.

1. Hvaða reglur hafa verið settar um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggja að bændur fái fjármuni sína í hendur um leið og lánin eru veitt, í samræmi við ályktun Alþingis frá 22. maí 1979?
2. Er lokið undirbúningi þess, að ályktun Alþingis frá 22. maí 1979 komi til framkvæmda við veitingu afurðalána í nóvember n. k.?
3. Hve mikil voru rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins á s. l. ári og hve mikil verða þau í ár?
4. Hvaða vexti greiða afurðasölufyrirtæki af lánunum og hvaða vexti taka kaupfélögin af bændum?

- II. Til landbúnaðarráðherra um beinar greiðslur til bænda.

Frá Eyjólfí Konráð Jónssyni.

1. Hvað líður athugunum þeim sem landbúnaðarráðherra hefur látið gera til að tryggja framgang ályktunar Alþingis frá 22. maí 1979 um beinar greiðslur til bænda?
2. Hvenær er ætlun ríkisstjórnarinnar að nýjar reglur um greiðslu útflutningsbóta og niðurgreiðslna, sem tryggi að fjármunirnir nýtist betur, komi til framkvæmda?
3. Hefur verið athugað hvernig heppilegast væri að afnema „kvótakerfið“ samhliða beinum greiðslum til bænda?
4. Er ætlun ríkisstjórnarinnar að viðhalda bæði „kvótakerfi“ og fóðurbætisskatti hversu erfitt sem árferði verður landbúnaðinum?
5. Hvernig hefur reynslan orðið af framkvæmd „kvótakerfisins“?

- III. Til viðskiptaráðherra um nýja löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd.

Frá Eyjólfí Konráð Jónssyni.

1. Hvað líður undirbúningi að nýrri löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd sem ákveðin var með ályktun Alþingis 29. maí 1980?
2. Hvað hefur gerst í samráði við forustumenn samvinnufélaga annars vegar og Sambands íslenskra samvinnufélaga hins vegar um þessa endurskoðun?
3. Liggja fyrir upplýsingar um hvort stjórnendur samvinnufélaga annars vegar og SÍS hins vegar geti náð samstöðu um heilbrigða löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd?
4. Hafa hugmyndir Erlends Einarssonar forstjóra SÍS um „að gera fólki kleift að kaupa hluti í kaupfélögunum og öðrum samvinnufélögum“ verið grandskoðaðar?
5. Hafa verið athugaðar leiðir til að samvinnumenn fái raunveruleg yferráð í eigin félögum?
6. Hvenær má búast við að frumvarp það um samvinnufélög og samvinnusambönd, sem Alþingi ákvað fyrir tveim og hálfu ári að undirbúið væri, verði lagt fyrir Alþingi?

IV. Til félagsmálaráðherra um lögmanskostnað og ríkisábyrgð á launum.

Frá Halldóri Blöndal og Pétri Sigurðssyni.

1. Hve háum fjárhæðum var varið árin 1980 og 1981 til greiðslu launakrafna samkvæmt lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot?
2. Hve háar fjárhæðir voru á hvoru ári fyrir sig greiddar vegna gjaldþrots aðila í Reykjavík annars vegar og utan Reykjavíkur hins vegar?
3. Hvernig ákvarðar félagsmálaráðuneytið greiðslur vaxta og innheimtukostnaðar, t. d. lögmanskostnaðar, við greiðslu þessara krafna? Eru sömu kröfur gerðar varðandi þessa liði og gerðar eru til sjálfrar launakröfunnar, t. d. að viðurkenndur sé forgangsréttur kröfuhafa í viðkomandi þrotabúi?
4. Hvernig sundurliðast þessar greiðslur árin 1980 og 1981 í a) launakröfur launþega, b) lögmanskostnað, c) vexti?
5. Hvaða lögmannsskrifstofur hafa á umræddu tímabili fengið greiddar hæstar fjárhæðir vegna innheimtukostnaðar í sambandi við þessar kröfur og hve háar fjárhæðir er þar um að ræða til hverrar um sig, t. d. þriggja hinna stærstu?
6. Hver er hæsta fjárhæð sem einstökum launþega hefur verið greidd samkvæmt þessum lögum?